




Mjólkursamsalan ehf




## Mjólk í sérflokki

17. mars 2014

### Átakið „aukin fita í mjólk“ fer vel af stað.

Átakið sem kynnt var í 1. mars útgáfu Spenans hefur gengið vel og er þegar búið að heimsækja um 40 mjólkurframleiðendur eftir fyrstu vikuna. Greinilegur áhugi er fyrir átakanu og hefur nokkur fjöldi verið í sambandi við mjólkureftirlit að fyrra bragði og óskað eftir heimsókn til sín og er það vel.

Ánægjulegt er að margir mjólkurframleiðendur hafa þegar gert ráðstafanir til að auka afurðir sínar á eigin vegum, með aðstoð RML eða með aðstoð fóðurfyrirtækjanna.



### Atriði til að stuðla að minni júgurbólgu

Mikilvægt er að hugsa um júgurbólguþýkla sem smitandi. Hvernig klippum við á smitdreifinguna, einkum þegar ástandið er óvenjulegt í fjósinu með mikla júgurbólgu? Gott er að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Eftirlit og viðhald á mjaltatækjum

### Til umhugsunar!

Það er mikilvægt að blanda heilfóður þannig að kýrnar geti ekki flokkað það.

- Endurnýja slöngur, spenagúmmi og stilla soghæð.
- Mjaltþjónar
  - Skipta um burstu daglega, nota alltaf sótthreinsun (spenasprey) eftir mjaltir.
- Kýrnar
  - Klippa kýrnar reglulega þ.e. júgur, hala og læri eftir þörfum. Hægt er að fækka mistökum vegna ásetningu mjaltatækja verulega í fjósum með mjaltþjóna ef júgur eru klippt reglulega.
- Spenaklútar
  - Nota á einn klút á kú og þvo þá við 90 °C daglega. Æskilegt er að láta ekki líða minna en 60 sekúndur og ekki meira en 90 sekúndur frá því að byrjað er að undirbúa kýr fyrir mjaltir þar til að sett er á þær. Þannig næst að tæma júgrin hraðar og um leið er auðveldara að forðast að spenaop dragist út.
- Spenadýfa/júgursmyrsl
  - Velja efni með sótthreinsun ef vandamál er til staðar í fjósinu.
- Legubásar
  - Undirburður þurrkar upp og gerir erfiðara fyrir sjúkdómsvaldandi sýkla að festa rætur í umhverfinu. Bæta sótthreinsandi efni við undirburð ef vandamál er til staðar.

**Tímabundin fjölgun á útgáfum Spenans**  
Útgáfa MS Spenans verður tíðari á meðan  
að átakið „Meiri mjólk og aukin fita“  
stendur yfir.

### Fræðslufundur um fóðrun mjólkurkúa

Dagana 17. - 21. mars n.k. verður norskur sérfræðiráðgjafi um fóðrun mjólkurkúa, - Jon Kristian Sommereth, frá TINE Ráðgiving í Noregi, staddur hér á landi á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Jon Kristian mun ferðast um landið og eiga vinnufundi með fóðurráðgjöfum RML á hverju landssvæði fyrir sig og fara með þeim í heimsóknir á kúabú. Markmið með komu hans hingað er að styrkja og efla ráðgjafarstörf RML um fóðrun mjólkurkúa og fóðuráætlanagerð.

Í tengslum við heimsóknina verður efnt til eftirfarandi tveggja fræðslufunda um fóðrun mjólkurkúa:


- Í félagsheimilinu Þingborg í Flóa þriðjudaginn 18. mars kl. 13.30
- Á sveitahótelinu Þórisstöðum á Svalbarðsströnd miðvikudaginn 19. mars kl. 13:00.

Á fundunum verður farið yfir helstu þætti er varða fóðrun til afurða og hækkun verðefna í mjólk. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á samarbeið og nýtingu grænifóðurs og mun Jon Kristian halda erindi helgað því efni – auk þess sem fóður- og jarðræktarráðgjafar RML munu halda erindi. Erindi Jóns Kristian verður þýtt jafn harðan á íslensku.

Kúabændur og aðrir áhugasamir eru velkomnir.

Í framhaldi af heimsókn Jóns Kristian munu fóðurráðgjafar RML efna til margra fræðslufunda með kúabændum um allt land, - þar sem einnig verður lögð áhersla á fóðrun og fóðuráætlanagerð á grundvelli NorFor fóðurmatskerfisins. Fundirnir verða auglýstir á heimasíðu RML ([www.rml.is](http://www.rml.is)) og einnig með tilkynningum til kúabænda með tölvupósti. Allir kúabændur eru velkomnir á þessa fundi.

Fóðurráðgjafar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML).



### Þumalfingurviðmið

- Horfa á niðurstöður tank-/einstaklingssýna
  - samband próteinhlutfalls og úrefnis (mmól/l).
  - há gildi úrefnis → vantar meiri orku á móti til að nýta vambarstarfsemina betur → minna prótein ætti að skiljast út.
- Hlutfall fitu og próteins (fitu%/prótein%) hærra en 1,25
  - vísbending um að kýrin éti ekki nóg, fær ekki næga orku.
- Hlutfall fitu og próteins minna en 0,65
  - vísbending um röskun á efnaskiptum í lifur, súrdoðahætta (aceton-lykt!)
- Fall í fitu%
  - of lítið af trefjum í heildarfóðrinu ?
- Óeðlilega lág fitu%
  - vísbending um súra vömb (lágt sýrustig, hætta á meltingartruflunum)
- Horfa á skítinn
  - skoða þykkt og leifar

**Gott að muna !**

*Greiddar eru 10,0632 kr á hverja fitueiningu og 12,4505 kr á hverja próteineiningu.*  
**10,0632 · F% + 12,4505 · P% = kr á lítra mjólkur!**